

## Fundur í Háskólaráði

Dags. 23.02.2026

**Staður og tími: Glanni og Teams kl 11.00**

Málsnúmer: 2511039

**Fulltrúar HB: Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Sólveig Hallsteinsdóttir, Andrea Guðmundsdóttir, Erlendur Ingi Jónsson, Sigrún Lilja Einarsdóttir**

**Fulltrúar nemenda: Halldóra Hreinsdóttir, Selma Klara Gunnarsdóttir, Lára Sól Hansdóttir, Sunna Dís Jónasdóttir, Sverrir Ingi Hilaríus Garðarsson**

**Áheyrnaraðilar:** Einar Hreinsson, Anna Þórunn, Sólveig

### Fjarverandi:

### Dagskrá:

- Fundargerð frá 19.11.2025 lögð fram til samþykktar  
Samþykkt með breytingartillögu frá AG.
- Dagskrá næsta skólaárs borin upp til samþykktar
  - Skólaárið byrjar viku seinna en vant er og byrjar þá lota 1 á sama tíma hjá öllum nemendum þ.e. háskólagátt, grunn- og meistaranemum
  - Endurtektarpróf verða þrem vikum eftir að prófum líkur og endurtektarpróf úr lotu II á haustönn verða í byrjun janúar.
  - Staðlotur allra námsstiga verða haldnar á sömu helgunum og verða haldnar á Hvanneyri og í Borgarnesi
  - Breytingar verða gerðar á staðlotunum með það í huga að hafa meira flæði á þeim og auka aðgengi að starfsfólki og fyrirlesurum
  - Til máls tóku AG og HLP
  - Samþykkt samhljóða
- Erindi frá nemendum
  - Engin mál frá nemendum
- Erindi frá starfsfólki
  - Sólveig bar upp erindi frá stjórnslu um að muna eftir stjórnslunni og að muna að starfstöðvar Háskólans á Bifröst eru á Hvanneyri og í Borgartúni 18 með höfuðstöðvar í Borgarfirði
    - Til máls tóku SH, APR
- Skýrsla rektors
  - Þáverandi rektor sagði af sér 9. febrúar og staðgengill rektors Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir, deildarforseti félagsvísindadeildar, tók við hlutverki rektors. Í kjölfarið var send út tilkynning til nemenda og haldin fundur með starfsfólki. Stjórnarformaður og núverandi rektor skiptu með sér verkefnum í framhaldinu



- Staða rektors verður auglýst í samræmi við lög og reglugerð en það ferli getur tekið nokkurn tíma. Að auki þarf að tilnefna nýjan staðgengil rektors og staðgengil deildarforseta Félagsvísindadeildar.
  - Stærsta útskrift í sögu Háskólans á Bifröst var haldin 14. febrúar þegar 213 nemendur voru útskrifaðir við hátíðlega athöfn í Hjálmakletti í Borgarnesi
  - Rektor mun halda á fund með ráðherra háskólamála í næstu viku um málefni háskólans
  - Sáttuferlið verður áfram á forræði stjórnar
  - Stjórn og rektor funduðu með stjórn FAB þar sem lýst var yfir vilja til að málefnalegs samtals og sátta. Komið var fram með hugmyndir að því hvernig og hvað þyrfti að skoða til að bæta ferla og vinnulag innan skólans. Sammælt var um mikilvægi þess að skoða endurskipulagningu ferla og málsmerðferðar siðanefndar. Áherlsa var lögð á að horfa til framtíðar og finna jafnvægi og vinna að uppbyggingu. Endurverkja vettvang til reglubundins samtals um kennslu og rannsóknarmál, auka gagnsæi og fyrirsjáanleika í stjórnarsýslu og bæta samskiptamenning og samstarf innan einstakra deilda.
  - Skrásetningagjöld hafa verið óbreytt í 12 ár en með breytingu á lögum um skrásetningargjöld hafa háskólar nú heimild til að Innheimta 100 þúsund krónur í stað 75 þúsund krónur. Tillaga þess efnis verður lögð fyrir stjórn Háskólans á Bifröst í vikunni.
    - Nemendur komu fram með tillögu að fara í vægari hækkun t.d. 85 þúsund
    - Fyrirspurn frá nemendum hvort þetta hafi áhrif á innheimtu prófgjalda. Sú umræða fer fram samhliða yfirferð á gjaldskrá háskólans.
    - Umræða um skólagjöldin. Til máls tóku SH, HLP, APR, HH, SDJ
6. Breytingar hjá fagráði um kynbundið og kynferðislegt áreiti
- Elín Blöndal hefur setið í ráðinu síðastliðin 2 ár og hefur beðið lausnar.
  - Rektor gerir tillögu að Hildi Jakobínu Gísladóttur sem er menntaður sálfræðingur og eigandi sálfræðistofunnar Officium. Jóhanna Dagbjartsdóttir sem setið hefur verið í ráðinu í tvö ár tekur við formannsembætti.
    - Athugasemd um hvort ekki væri gott að hafa lögmann í ráðinu
    - Samþykkt samhljóða
    - Til máls tóku ÓKP, SH
2. Önnur mál
- Athugasemd um kjör fulltrúa háskólaráðs í Stjórn að ekki hafi verið fært til bóka hvernig skipun þess aðila hafi farið fram. Ritari fundarinnis tók að sér að kanna málið og koma upplýsingum áfram til háskólaráðs.
    - Athugasemd að loknum fundi send skriflega á alla fulltrúa. Fulltrúi háskólaráðs var kjörinn á fundi háskólaráðs 17. apríl 2024.
    - Til máls tóku EIJ, ÓKP, HLP
  - Athugasemd um 360 gráðu vinkilinn í Inspera auki stress í prófum og að nemendur fái 0 í einkunn ef ekki er rétt farið að.
    - SH kom inn á að tekið er tillit til þess að þetta er í innleiðingafæri og því hafi verið komið á framfæri við nemendur
    - HLP fór yfir ferilinn á innleiðingunni á kerfinu og hvernig þetta er hugsað til framtíðar



- Til máls tóku HH, SH, HLP og SDJ

Fundi slitið kl. 12.05

Fundarritari: Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir